



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framkvæmdir við Kvistaborg

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. ágúst 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Leikskólanum Kvistaborg var lokað í aprílbyrjun árið 2021 vegna mygluskemmda. Enn er framkvæmdum ekki lokið við skólann og því óskað eftir upplýsingum um stöðu framkvæmda og hvenær verklok séu áætluð. SFS22080193

Svar:

Leikskólinn Kvistaborg hefur verið starfræktur í Kvistaborg frá ársbyrjun 2022 í færanlegum einingum við skólann.

Hönnun á leikskólanum með arkitektum og ráðgjöfum stendur yfir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaútbót verði í kringum áramótin 2022/2023. Framkvæmdatími er áætlaður um 18 – 24 mánuðir og því stefnt að opnun árið 2024/byrjun árs 2025.